



Til bæjaráðs

Kópavogi, 26. apríl 2022

2204651/517.02 BR

Efni: Endurnýjun malbiks á götum árið 2022

Áætlað er að endurnýja malbik á um það bil 10 götuhlutum í Kópavogi í ár, miðað við aðstæður um miðjan apríl sem geta þó tekið breytingum þegar líður á vorið.

Fyrstu drög gera ráð fyrir endurnýjun eftirfarandi götuhluta:

1. Kópavogsbraut – önnur akrein á milli Urðarbrautar og Kópavara
2. Dalvegur – við Smáratorg
3. Skemmuvegur – á milli hringtorg við Byko og rauðrar götu
4. Grænatunga – milli Digranesvegur og Hlíðarvegur
5. Vatnsendavegur – hringtorg við Baugakór og Vallakór
6. Vatnsendavegur – milli Kóratorgs og Þingtorgs
7. Fífuhvammsvegur – milli Lindarvegur og Hlíðardalsvegur
8. Bæjarlind – milli húsa 1-3 og 14-16
9. Hamraborg – milli Hamraborgar 10 og Álfhólsvegur. Miðbæjarsvæðið
10. Fífuhvammsvegur – milli Salavegar og Versala

Heildarflatarmál malbiksyfirlagna samkvæmt þessum lista er rétt tæplega 18.000 m² og er kostnaðurinn áætlaður til að vera um 90 milljónir króna svo framarlega sem engir óvæntir atburðir koma upp og aðfangaverð haldist stöðugt. Fjárheimildir ársins 2022 eru um 120 milljónir til málaflokksins og er gert ráð fyrir að bætt verði við götuhlutum ef fyrirliggjandi kostnaðaráætlun haldist.

Meðfylgjandi er nánari útlistun á götuhlutum til endurnýjunar á malbiki.

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar